



468.mál

Menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 7 nóvember 2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006. (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012).**

Blindrafélagið vill með þessu bréfi taka undir athugasemdir þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda sjónskerta og dauflinda einstaklinga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006. (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012).

Til áréttingar þessum sjónarmiðum bendir Blindrafélagið á dóm Hæstaréttar frá 4 febrúar 1999 í máli Rögnu Kristínar Guðmundsdóttur gegn Háskóla Íslands (Nr.177/1998) (<http://www.haestirettur.is/domar?nr=69&leit=t>).

Dómurinn er merkilegur fyrir það að Hæstiréttur staðfestir að túlka beri ákvæði laga um málefni fatlaðra með hliðsjón af tilgangi þeirra. Sá tilgangur er m.a. að það skuli veita fötluðum þjónustu sem gerir þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra, að það eigi að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör. Þessu til viðbótar var það staðfest að það er hins fatlaða einstaklings að velja sér þann samfélagsvettvang sem hann kys sér en ekki stjórnvalda. Þannig var ekki fullnægjandi að fatlaðir hefðu aðgang að einhverju háskólanámi heldur varð að tryggja þeim aðgang, til jafns við aðra ófatlaða einstaklinga, að því námi sem þeir kjósa sér.

Jafnframt vill Blindrafélagið vekja athygli á 24 greininni í Sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

**„24. gr. Menntun.**

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðra til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á allsherjar menntakerfi á öllum skólastigum og símenntun sem miða að því:

- a) að auka mannlega getu til fulls og tilfinningu fyrir reisu og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni,
- b) að fatlaðir geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,
- c) að gera fötluðum kleift að vera virkir þátttakendur í frjálsu þjóðfélagi.

2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:

- a) að fatlaðir séu ekki útilokaðir frá hinu almenna menntakerfi sakir fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi, eða námi á framhaldsskólastigi, sakir fötlunar,
- b) að fatlaðir hafi aðgang að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, til jafns við aðra í þeim samfélögum þar sem þeir búa,
- c) að fram fari viðeigandi hagræðing til þess að mæta þörfum viðkomandi einstaklings,
- d) að fatlaðir fái nauðsynlegan stuðning, innan hins almenna menntakerfis, til þess að stuðla að haldgóðri menntun þeirra,
- e) að árangursríkar, einstaklingsbundnar stuðningsaðgerðir séu boðnar fram í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslega þróun sem aftur samræmist því markmiði að fatlaðir geti lifað í samfélaginu án nokkurrar aðgreiningar.

3. Aðildarríkin skulu gera fötluðum kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:

- a) auðvelda fötluðum að læra blindraletur, óhefðbundna skrift, bættar og óhefðbundnar samskiptaaðferðir, -leiðir og -form og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjaaðstoð og handleiðslu,
- b) auðvelda fötluðum að læra táknaál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls,



c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir, heyrnarlausir eða daufblindir, fari fram á þeim tungumálum og samkvæmt og eftir þeim aðferðum og leiðum sem henta viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslegan þroska.

4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þ.m.t. fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknmáli og/eða blindralettri, og að þjálfa fagmenn og starfsmenn sem starfa á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrrnefnd þjálfun skal meðal annars fela í sér vitund um fötlun og notkun bættra og óhefðbundinna aðferða, leiða og forma í samskiptum, auk kennslutækni og kennsluefnis sem er ætlað að styðja fatlaða.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðum sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að þeir fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að viðeigandi hagræðing fari fram í þágu fatlaðra."

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson  
formaður Blindrafélagsins, samtaka  
blindra og sjónskertra á Íslandi.